

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Garðastræti 21.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 21. febrúar 2014, breytingu á deiliskipulagi Grjótaþorps vegna lóðarinnar nr. 21 við Garðastræti. Í breytingunni felst hækkun á húsinu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Suður-Selás og Norðlingaholt.

Í samræmi við skipulagslög nr 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 5. mars 2014, breytingu á deiliskipulagi Suður-Seláss og Norðlingaholts. Í breytingunni felst að göngubrú yfir Breiðholtsbraut er lengd, lega reiðleiðar breytist lítillega og fer hún undir nýju göngubrúna, tekin eru út undirgöng undir gönguleið. Mörk deiliskipulags breytast vegna breyttrar legu reiðleiðar og skipulagssvæðið stækkar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 14. mars 2014.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 28. mars 2014